

17

22. febr.

15. gr.

Ráðherra ræður lækni, sérfróðan í heilbrigðisfræði, til þess að hafa yfirumsjón með framkvæmd eftirlitsins í heild, og skal sá forstöðumaður jafnan hafa aðgang að eftirlitsbókum héraðslækna og dagbókum þeirra rannsóknarstofnana, er rannsóknir framkvæma, samkvæmt reglugerð þessari. Skal hann leiðbeina héraðslæknum um allt, er lýtur að tilhögun við eftirlitsstarfið, bókfærslu og skýrslugerð og sjá um, að eftirlitið verði sem bezt samræmt um land allt. Hann skal og hafa sama rétt og héraðslæknir til að láta taka sýnishorn til rannsókna og til að framkvæma annað eftirlit, samkvæmt reglugerð þessari, hvar sem er á landinu.

16. gr.

Allur rannsóknarkostnaður, þar með talinn kostnaður við umbúðir og sendingu sýnishorna til rannsókna, greiðist úr ríkissjóði eftir sérstökum samningi, er ríkisstjórn gerir við hlutaðeigandi rannsóknarstofnanir, sbr. þó 11. gr. laga nr. 24 1. febr. 1936.

Ef héraðslæknir þarf að gera sér sérstaka ferð utan kaupstaðar þess eða kaupþúns, sem hann er búsettur í, eingöngu vegna eftirlitsins, greiðist ferðakostnaður úr ríkissjóði, samkvæmt gjaldskrá héraðslækna, en annars skal hann hlutast til um, eftir því sem við verður komið, að haga eftirlitinu á þann hátt, að eigi leiði til slíks kostnaðar.

Rannsóknir þær, er héraðslæknir framkvæmir sjálfur, greiðast samkvæmt gjaldskrá héraðslækna eftir úrskurði ráðherra.

17. gr.

Ef í Reykjavík eða annarsstaðar þarf að ráða sérstakan mann eða menn til aðstoðar héraðslækni og heilbrigðisfulltrúa við töku sýnishorna samkvæmt reglugerð þessari, skal kostnaður, sem af því leiðir, greiðast úr ríkissjóði, enda heimili ráðherra þær ráðstafanir og staðfesti ráðningar og ráðningarkjör.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 24 1. ferúar 1936 og öðlast þegar gildi.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 22. febrúar 1939.

Skúli Guðmundsson.

Gústav A. Jónasson.

18

9. jan.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Patreksfjarðarkauptún.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Patreksfjarðarhöfn takmarkast að vestan af línu, sem hugsast dregin frá Vatneyrarodda í hásuður. Tvær vörður skulu settar á Vatneyrarodda, og sýni þær stefnu þessa. Að sunnan takmarkast höfnin af línu, er hugsast dregin úr Þúfneyrarodda og myndar rétt horn við áður nefnda línu. Að norðan og austan takmarkast höfnin af strandlengjunni milli endapunkta áður greindra lína.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

18

9. jan.

2. gr.

Hreppsnefnd Patrekshrepps hefir á hendi stjórn hafnarmála, en oddviti hreppsnefndarinnar hefir á hendi framkvæmd þeirra, ásamt tveim mönnum, sem hver nýkjörin hreppsnefnd kys honum til aðstoðar, á fyrsta fundi sínum, til fjöggra ára í senn. Er hreppsnefndaroddvitinn formaður hafnarnefndar og jafnframt hafnarstjóri. Fyrsta hafnarnefnd skal kjörin strax eftir staðfesting þessarar reglugerðar.

Hafnarnefnd hefir eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á henni, stýrir öllum framkvæmdum er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

Reikningur hafnarsjóðs skal fylgja hreppsreikningnum og endurskoðast ásamt honum.

III. KAFLI

Hafnarsjóður.

3. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, sem nefnist Hafnarsjóður. Í hann renna allar tekjur hafnarinnar, sem ákveðnar eru í þessari reglugerð. Hafnarsjóði skal, eftir ákvörðun hreppsnefndar, varið í þarfir hafnarinnar, til greiðslu á kostnaði við stjórn hennar, til umbóta á henni, til bygginga hafnarmannvirkja og viðhalds á þeim, og til kaupa á landi í þarfir hafnarinnar.

Óheimilt er að nota fé hafnarsjóðs til annara fyrirtækja hreppsins, eða binda það í lánum til þeirra.

IV. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

4. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni að þau tálmi affermingu annara skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast.

Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggju, að eigi sé nægilegt pláss fyrir önnur skip að komast að eða frá. Skipum eða bátum má ekki leggjast svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina.

Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar, um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarstjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda.

5. gr.

Í hverju skipi — að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannláus í lægi hafnarinnar — skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og látið framkvæma þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

6. gr.

Ekki má festa skip við bólvirki eða bryggju nema við festarhringa eða festarstólpana. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þess eigi nægilega gætt, má krefjast að bætt sé úr því

18 tafarlaust. Skyld er að hafa tryggar hlífar milli skips og virkis, eða bryggju, ef 9. jan. krafist er.

7. gr.

Gufuskip eða önnur vélskip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjunum standi hættu af því. Ekki má hleypta vatni á bryggju eða bólvirki að óþörfu.

8. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur þar, sem það að áliti hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burtu svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eiganda, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

V. KAFLI

Hafnarmannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

9. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem fyrir eru, og ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema hreppsnefnd hafi veitt samþykki sitt til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar undir úrskurð stjórnarráðsins. Sá sem fengið hefir leyfi til að gera slík mannvirki, skal halda því svo vel við, að engin hættu stafi af því. Brot gegn því varða sektum frá 10 til 200 krónum, og hafnarnefndin getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

10. gr.

Við bryggju eða uppþyllingu einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar, hafa skip rétt til að leggjast að í sömu röð og þau koma inn og sækja um það. Þó skulu skip, sem sigla eftir fastri áætlun, hafa forgangsrétt næst eiganda.

11. gr.

Við hverja bryggju einstakra manna eða félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, skal vera umsjónarmaður, er hafnarnefnd tekur gildan.

12. gr.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, þrífnað á þeim og ýms nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr, björgunarhringi o. s. frv., fer eftir þeim fyrirmælum, er hafnarnefnd setur á hverjum tíma, og gilda jafnt fyrir allar bryggjur og uppþyllingar innan hafnarinnar.

VI. KAFLI

Um almenna reglu.

13. gr.

Hafnarnefnd sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boðum hennar og banni og enn fremur annara þeirra starfsmanna, er hún setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært það fyrir hreppstjóra eða sýslumanni, en skipun hafnarnefndar eða starfsmanna hafnarinnar ber að hlýða tafarlaust. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

14. gr.

Öll skot við höfnina og á henni, eru stranglega bönnuð, og sérstaklega skal gæta þess, að skot og fugladráp frá skipum og bátum á höfninni eða úr landi eigi sér ekki stað.

18

9. jan.

15. gr.

Skýlt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljóss í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema í eldavélum skipsins og á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu. Áliti hafnarnefnd að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er henni heimilt að stöðva verkið unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

VII. KAFLI

Hafnargjöld.

16. gr.

Öll skip, 12 smálestir brúttó eða stærri, skulu greiða hafnargjald, er þau koma í Patreksfjarðarhöfn og hafa eitthvert samband við land.

Undanþegin hafnargjaldi eru herskip, varðskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannsóknna, skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, en hafa ekkert samband við land.

Hafnargjöld greiðast af nettostærð skipa. Hálf smálest telst sem heil, en minna broti er sleppt.

17. gr.

- Fiskiskip, sem eru eign manna búsettra á Patreksfirði og eru skrásett þar, skulu greiða hafnargjald einu sinni á ári, 50 aura af smálest hverri, með gjalddaga 1. október.
- Önnur íslensk fiskiskip greiða 5 aura af smálest hverri, í hvert skipti sem þau koma til hafnar, og hafa samband við land, þó ekki yfir 1 kr. af smálest samtals á ári.
- Innlend strandferða- og millilandaskip, sem sigla eftir föstum auglýstum áætlunum, greiða í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma á Patreksfjarðarhöfn, 20 aura af smálest hverri í hafnargjald, en ekkert þótt þau komi oftár á því ári.
- Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, og hafa samband við land, greiða 5 aura af smálest hverri í hvert skipti, er þau koma á Patreksfjarðarhöfn.

18. gr.

Vélbátar 5—12 smálestir, sem heima eiga á Patreksfirði eða gerðir eru þaðan út, greiða 5 kr. árlegt gjald með gjalddaga 1. október.

19. gr.

Skip, sem lagt er við föst legugögn á höfninni, greiði árlega fyrir það aukagjald, sem hér segir:

- Ef þau eru skrásett frá Patreksfjarðarkauptúni, og eru að öllu leyti eign manna búsettra við höfnina eða hafnarsvæðið, greiði vélbátar með þilfari 2 kr., stærri skip 5 kr., með gjalddaga 1. október ár hvert.
- Um aðra báta eða skip fer eftir samkomulagi við hafnarnefnd.

VIII. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

20. gr.

Gjaldkeri hafnarnefndar sér um innheimtu hafnargjalda, og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

21. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Hafnarsjóður hefir haldsrétt á skipum unz gjöldin eru greidd. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

22. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

IX. KAFLI

Ýms ákvæði.

23. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum.

Ef samningum verður ekki við komið, um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal fram fara af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meir en nemi 10% af hinni ákveðnu skaðabótaupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

24. gr.

Enginn, sem bakað hefir sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

25. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10 til 400 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Patreksfjarðar-kaupþúns.

26. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. janúar 1939.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.